



## Félagsfundur Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 13. September í sal Akurskóla

Mættir: Ína Hrund Ísdal, Helga Andrésdóttir, Halldóra Hreinsdóttir, Baldur Sæmundsson, Jónína Ágústsdóttir, Sigrún Hill, Hafdís Hafsteinsdóttir, Erla Guðmundsdóttir, Inga Birna Kristinsdóttir, Sigurbjörg Birgisdóttir, Margrét Reynarsdóttir, Rósa Guðmundsdóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Guðmunda Hergeirsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir og Guðmundur Þórðarson.

Guðmundur Þórðarson, forðmaður setti fundinn

1. Í stað Katrínar og Hrefnu sem ekki gátu setið í áfram í stjórn gáfu kost á sér þær Erla Guðmundsdóttir og Halldóra Hreinsdóttir.
2. Í starf bekkjarfulltrúa bættust við:
  - 9. bekkur Prestir – Brynja
  - 9. bekkur (Þormóður) – Ína Hrund Ísdal
  - 2.-3 bekkur Kálfar – Sigrún Hill
  - 2.-3. Bekkur Kópar – Rósa Guðmundsdóttir
  - 2-3. bekkur Kópar – Erla Guðmundsdóttir
  - 2.-3. Bekkur Folöld - Elísabet Kjartansdóttir
3. Í ritnefnd gáfur kost á sér Helga Andrésdóttir og Elísabet Kjartansdóttir
4. Ritfanganefnd, rætt var um tilhögun á sérstökum ritfangapökkum sem nemendum væru boðnir til kaups. Hvort hagkvæmni slíkra pakka væri vinnunnar virði og tilhögun slíkra pakka í öðrum skólum. Fundarmenn voru flestir sammála um gagnsemi þeirra á yngsta skólastiginu en ekki þegar fram liðu stundir. Því var ákveðið að skipa ekki í ritfanganefnd að svo stöddu en hægt er að taka málið upp síðar.
5. Endurvekja verkefnið „Ég og þú, þú og ég“ skipað í nefnd sem mun sjá um að koma því í framkvæmd með skólayfirvöldum í vetur. Í nefndinni eru: Halldóra Hreinsdóttir, Ína Hrund Ísdal og Inga Birna Kristinsdóttir. Margar góðar hugmyndir að námskeiðum komu fram og Sigrún Hill, Jónína Ágústsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir gefa kost á sér til að stýra námskeiðum. Einnig var rætt að færa námskeiðin líka upp á unglingsstig.
6. Önnur mál.

Jónína Ágústsdóttir spurði um styrki frá FFA til verkefna á borð við „Barn að láni“ og leikrit frá Blátt áfram. Senda skal allar slíkar styrkbeiðnir til stjórnar sem tekur þær fyrir á stjórnarfundum.

Rætt um betri lýsingu á skólalóð, bæði fyrir framan skólann svo og á sparkvelli. Hvort möguleiki er að hafa lýsinguna tengda tímastilli svo hún valdi íbúum í nágrenni skólans sem minnstu ónæði. Einnig rætt um umferðaröryggi við skólann, sérstaklega þegar börnum er hleypt út við Skólabraut og á lífæðinni við strætóskýlið og hættuna sem skapast. Hvaða úrlausnir eru í boði? Niðurstaða að FFA ásamt fagráði verði falið að skoða þessi mál og sendi erindi til viðeigandi aðila.

Fundi slitið

Fundarritari: Guðmunda Hergeirsdóttir